

120 framarlega, sem nokkuð af saltinu hefur verið flutt í land, er skipið kom til 20. okt Olafsvíkur í apríl síðastliðnum, en að öðrum kosti eigi það að vera laust við slíkt gjald.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur-

121 *amtinu um niðurjöfnun gjalds til amtssjóða og sýslusjóða.* Í brjefi, 22. okt. dagsettu 19 ágúst þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi álit yðar um fyrirspurn frá hreppsnefndinni í Aðaldælahreppi um það, hvernig jafna skuli á hreppsþúa gjaldi hreppsins til sýslusjóðs og amtsjafnaðarsjóðs. Hafið þjer tekið það fram, að í sveitarstjórnartilskipuninni 4 maí 1872, 40. gr., sje svo kveðið á um, að því, sem hverjum hreppi beri að gjalda til sýslusjóðsins, skuli jafna niður á hreppsþúa eptir hinum sömu reglum, sem gilda um önnur útgjöld hreppsins, en samkvæmt 19. gr. sömu tilskipunar og lögum 9. jan. 1880, 1. gr., eigi að jafna gjöldum hreppsins niður á alla þá, sem eiga lögheimili í hreppnum, («eptir efnum og ástandi»). — Á þessu teljið þjer lögin frá 4 júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða, eigi hafa gjört neina breyting, og þar sem í síðastnefndum lögum sje talað um, að gjöldunum skuli skipt á hreppsfjölögin eptir samanlagðri tölu lausafjár- og fasteignarhundraða að tveim þriðjungum og eptir tölu verkfærra manna að einum þriðjungi, þá hafi það engin áhrif á niðurjöfnun gjaldanna á menn í hreppnum. Fyrir því teljið þjer engan efa á því, að gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða beri að jafna niður á menn í hreppnum, eins og gjöldum til hreppsins, eptir efnum og ástæðum.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er með öllu samdóma álitit yðar um þetta atriði.

122

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Thorkelliibarnaskólasjóðs 1899.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1898:

a. Innstæðuskirteini, Litr. A. Fol. 87	kr.	28500 00	
b. Skuldabjref	—	39454 74	
c. Í landsbankanum	—	601 44	
d. Í peningum	—	40 58	kr. 68596 76

2. Vextir:

a. Af innritunarskirteini Litr. A. Fol. 87, frá			
11/12 '98 til 11/12 '99	kr.	997 50	
	Flyt: kr.	997 50	kr. 68596 76

	Fluttar:	kr.	997 50	kr.	68596 76	122
b.	Af skuldabréfum frá $11/6$ '98 til $11/6$ '99	.	—	1474 19		
c.	Dagvextir af skuldabréfum til $11/6$ '99	.	—	6 92		
d.	Dagvextir af sauldabréfum greiddir eptir $11/6$ '99	.	—	8 99		
e.	Vextir af bankainnlögum $31/12$ '99	.	—	19 04	kr.	2506 64
3.	Endurborgað lán og afborganir	.	—	629 93		
4.	Til jafnaðar færast gjaldl. 2	.	—	1100 00		
					kr.	72833 33

Gjöld:

4.	Styrkur veittur til uppfósturs og fræðslu börnum í hinu forna Kjalarnespingi	.	:	kr.	2400 00	
2.	Lánað út	.		—	1100 00	
3.	Samkvæmt úrskurði á reikningi sjóðsins 1897	.		—	13	
4.	Til jafnaðar færast tekjul. 3	.		—	629 93	
5.	Eptirstöðvar við árslok 1899:					
a.	Innritunarskirteini, Litr. A. Fol. 87	.	.	kr.	28500 00	
b.	Skuldabréf	.		—	39924 81	
c.	I landsbankanum	.		—	170 48	
d.	Í peningum	.		—	107 98	
					—	68703 27
					kr.	72833 33

Stiptyfirvöld Íslands, Reykjavík, 10. marz 1900.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.